



Alþingi
Erindi nr. P 135/661
komudagur 3. 12. 2007

135. löggjafarþing 2007–2008.
Pskj. 35 — 35. mál.

Frumvarp til laga

um breytingu á lögum um almannatryggingar, nr. 100/2007.

Flm.: Kristinn H. Gunnarsson, Guðjón A. Kristjánsson,
Grétar Mar Jónsson, Jón Magnússon.

1. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 42. gr. laganna:

a. Orðin „aðra en tannréttingar“ í 1. mgr. falla brott.

b. 2. mgr. orðast svo:

Sjúkratryggingar greiða tannlæknaþjónustu aldraðra, öryrkja og þeirra sem eru yngri en 25 ára og skal ráðherra setja reglugerð um greiðsluþátttöku sjúkratrygginga.

2. gr.

Lög þessi taka gildi 1. janúar 2008.

Ákvæði til bráðabirgða.

1. janúar 2009 hækka aldursmörk skv. 2. mgr. 42. gr. laganna í 28 ár og síðan um þrjú ár hver áramót þar til þau hafa náð 40 árum.

UMSÖGN TFÍ

Tannlæknafélag Íslands fagnar áhuga alþingismanna á tannheilsu og almannatryggingum.

Samkvæmt frumvarpi að fjárlögum 2008 hækka framlög hins opinbera til tannlækninga aðeins um 43 milljónir króna sem nægir ekki til að vega á móti verðlagshækkunum, hvað þá til að mæta auknum fjölda þeirra sem eiga lögbundinn rétt til styrkveitinga vegna tannlækninga. Síðast en ekki síst er í frumvarpi til fjárlaga, ekkert tillit tekið til þess að nýgerður samningur TFÍ og heilbrigðisráðuneytisins mun kosta 50 - 70 milljónir á samningstímanum.

Stjórn Tannlæknafélagsins hefur ályktað um þessi mál og hvetur þá, sem bera hag barna og ungmenna, aldraðra og öryrkja og annarra tryggingaþega, fyrir brjósti, að minna stjórnámálamenn á yfirlýsingar og loforð gefin fyrir kosningar s.l. vor.

Frumvarp það sem hér er til umsagnar felur í sér að samningar verða að vera í gildi milli tannækna og ráðuneytis heilbrigðismála um bindandi gjaldskrá vegna tryggingaþega um greiðslu vegna þjónustu tannlækna.

Tannlæknafélag Íslands hefur svo sannarlega ekkert við það að athuga að sjúkratryggingar nái yfir lækningar í munnholi eins og lækninga annarra hluta líkamans og er tilbúið til viðræðna um framkvæmd frumvarpsins og samninga um slíkrar tryggingar.

Tannlæknafélag Íslands minnir á að félagið gekk til samninga við heilbrigðisráðuneytið með það í huga að í þeim samningi væri aðeins um að ræða fyrsta skref til bættrar tannheilsu þjóðarinnar, eða réttara sagt til að endurheimta fyrri stöðu og bæta þá stöðu, ef þess væri kostur. Kostnaður við samninginn er áætlaður 50- 70 milljónir króna. Samkvæmt frumvarpi til fjárlaga eru engin teikn á lofti um að bætur sjúkratrygginga vegna tannlækninga haldi í við verðbólgu hvað þá að um auknar greiðslur verði að ræða. Í nýlegri skýrslu OECD um tannheilsu tólf ára barna kemur fram að meðaltantala ríkja innan OECD sé 1,6 en á Íslandi er sambærilegt gildi 2,1 (tantala: fjöldi skemmdra, tapaðra og viðgerðra fullorðinstanna).

Tannlæknafélagið telur að frumvarpið sé byggt á framsýni um tannheilsu og heilbrigði og feli í sér bót á framkvæmd tannlæknahluta sjúkratrygginga. Félagið getur ekki tjáð sig um kostnað vegna frumvarpsins þar sem upplýsingar skortir um tannheilsu þeirra aldurshópa sem frumvarpið nær til. Endurgreiðslur sjúkratrygginga vegna tannlæknakostnaðar tryggingaþega nema nú rétt 30-40 % af læknistaknaði að meðaltali.

Fh stjórnar TFÍ
Sigurjón Benediktsson formaður